LISTIR

Vortónleikar Tónlistarskóla Rangæinga

SENN líður að lokum skólaársins hjá Tónlistarskóla Rangæinga en skólanum verður slitið í maí nk.

Um 210 nemendur hafa stundað nám við skólann í vetur og munu flestir þeirra ljúka námi sínu með prófi. Kennt hefur verið á hin ýmsu hljóðfæri og hafa kennarar í vetur verið 10 en kennt hefur verið á sjö stöðum í sýslunni.

Söngur og hljóðfæraleikur einstaklinga og hópa munu einkenna vortónleika skólans en þeir verða haldnir í tilefni loka vetrarstarfs á þessu skólaári. Þeir verða í Heimalandi þriðjudaginn 23. apríl kl. 21 og Grunnskólanum á Hellu miðvikudaginn 24. apríl kl. 21.



INGUNN Jensdótir við eitt verka sinna

Silki- og vatnslitamyndir í Eden

INGUNN Jensdóttir sýnir silki- og vatnslitamyndir í Eden í Hveragerði frá 23. apríl til 5. maí. Þetta er sjötta sýning Ingunnar í Eden.

Ingunn hefur sýnt víðsvegar um landið, undanfarin tíu ár, síðast á Höfn í Hornafirði, sumarið 1995.

Mótívin eru margvísleg, svo sem landslag, blómauppstillingar og ballerínur.


Tengibraut skynjana

MYNDLIST

Kjarvalsstaðir

BLÖNDUÐ TÆKNI

Haraldur Jónsson. Opið kl. 10-18 alla daga til 12. maí. Aðgangur kr. 300 (gildir á allar sýningar). Sýningarskrá kr. 900.



Morgunblaðið/Þorkell

Haraldur Jónsson

SKYNJUNIN er lykill mannsins að heiminum, og samvinna skynfæranna til að skapa eina heildarmynd af því sem athyglinni er beint að hlýtur að vera eitt af undrum mannskepnunnar. Þessi samhæfing snertingar, bragðs, þefs, heyrnar og sjónar er svo fullkommin að menn gleyma henni oft þar til eitthvað vantar; þá brengslast heimsmyndin, þar sem önnur skynfæri ná aldrei að bæta fullkomlega upp missi eins af þessum verkfærum lífsins.

Listamenn líkt og aðrir einstaklingar mótast af því með hvaða hætti þeir skynja umhverfi sitt, og þar eru ýmsir þættir sem í sameiningu hafa verið nefnt „þjóðerni" sennilega veigamestir. Þjóðerni verður hins vegar illa skilgreint út frá skynjanlegum atriðum, og er ætíð sveipað nokkurri dulúð þegar spurt er beinna spurninga um inntak þess. Það er því eðlilegt að listamenn fari fyrr eða síðar að kanna þau svið sem hér liggja saman, þ.e. skynjun og þjóðerni.

Þetta eru helstu undirstöðuþættir þess sem Haraldur Jónsson er að fást við með innsetningu sinni í miðrými Kjarvalsstaða. Hann hefur á fyrri sýningum oft komið að skynjuninni með nýstárlegum hætti, og er þar einfaldast að vísa til sýningar hans í Gerðubergi fyrir þremur árum síðan. Á sama tíma hefur hann oftar en ekki valið til þessa mjúk, þurr og jafnvel forgengileg efni til að móta þessar tilvísanir, og hafa pappi, tjörutex og jafnvel iðnaðarteppi verið þar áberandi. Slík efni eru einnig uppistaða verka hans hér, en jafnframt kemur fleira til.

Hér verður skynjunin markviss þáttur skilgreiningar íslensks þjóðernis í tveimur verkanna. „Fontar", útsöguð ímynd stafanna Þ og Ð í háum stöflum, minnir nokkuð á ræðupúlt, en skynjun þess fer um sjónina, snerti- jafnt sem lyktarskyn. Hér er komin sterk þjóðleg tilvísun; stafirnir hafa verið kjarni varnarbaráttu Íslendinga varðandi alþjóðlega staðla í tölvutáknum, þar sem þrýst hefur verið á að fórna þeim fyrir tákn útbreiddari mála. Enn hafa Íslendingar sitt fram, en ef til þess kæmi að þessum stöfum yrði fórnað á altari alþjóðavæðingar, yrði skilgreining þjóðernis okkar vissulega fátækari en ella.

Annað verk með sterka tilvísun í þessa átt er „Íslenskt málver", röð tólf ljósmynda af erlendum stúdentum við Háskóla Íslands að læra málið í gegnum tvöfalda skynjun; að heyra það talað, og sjá samtímis texta þess á blaði fyrir framan sig. Tungan er mikilvægur þáttur í skilgreiningu okkar þjóðernis, og þeir sem læra hana verða ósjálfrátt tengdari landinu en aðrir; haft er eftir þjóðskáldinu Einari Benediktssyni að „þeir sem læra málið, eru okkar ..." Sú fjölskrúðuga flóra mannfólksins sem hér bregður fyrir er þannig virkur vottur um áhuga umheimsins fyrir þeim sérkennum sem gera landsmenn að sérstakri þjóð.

Önnur verk hér benda fremur á forsendur þess að þjóðerni fái þrifist almennt fremur en einhver sér-íslensk einkenni þess. Annars vegar er það myrkvuð einangrun (framlag lækjarins verður ekki merkt í breidd elfunnar) og hins vegar það lífsloft og stöðuga aðhlynning, sem er nauðsyn öllum gróðri, jafnt í menningarlífi sem í náttúrunni.

Í aðfararorðum sínum í sýningarskrá bendir Guðrún Jónsdóttir á að Haraldur hafi „oftar en ekki að yrkisefni þögnina og hinn óefniskennda veruleika." Þessi sýning hans byggir vissulega á slíkum eigindum; þögn, og skynjun hins óefniskennda.

En slík list þarf einangrun, og hún krefst íhugunar. Vegna aðstæðna nýtur hún sín sérkennilega hér; um sýninguna liggur umferðaræð hússins, og í stað þess að vera endastöð þagnar og íhugunar er hún tengibraut. En ef til vill er það einmitt síðasta tilvísun Haraldar til viðfangsefnisins; skynjun er tenging hins ytra og hins innra, og þjóðerni er tenging efniskenndra hluta í óefniskennda heild.

Eiríkur Þorláksson

